

„Hér ætla ég að kveðja þig,“ sagði Exilóna, „og um leið ætla ég að biðja þig einnar bónar.“

„Og við þeirri bön þinni vil ég verða, svo framt að mér sé það mögulegt,“ sagði ég.

„Og bön mín er þessi,“ sagði Exilóna, „að þú komir aldrei til að heimsækja mig, nema þegar ég vil, og að þú farir aldrei upp að fossinum, nema ég sé með þér. En þegar þú sérð ljós í glugganum í turninum, þá er það merki þess, að ég þarf að finna þig, og skaltu þá koma að þessum runni, því hér mun ég biða þín.“

„Og ég skal uppfylla þessa ósk þína í öllu tilliti,“ sagði ég; „en sjáir þú ljós í glugganum í herberginu mínu, þá er það merki þess, að ég verð ekki heima næsta dag.“

„Þetta skal ég hafa hugfast,“ sagði Exilóna.

Svo kvaddi ég Exilónu og hélt niður í dalinn, en hún gekk heim að kastalanum. Ég hefði viljað alt til vinna til að mega snúa heim með henni aftur, því hún var mér nú kærari en nokkur önnur sál í heiminum, og mér fanst, að Castró-kastalinn hlyti að vera hinn eini sanni sælustaður, sem til væri á allri jörðinni.—

Castilhó gamli tók á móti mér með miklum fögnuði og blíðleik. Aldrei hafði ég séð hann eins alúðlegan í viðmóti og prúðmannlegan í framgöngu, eins og í þetta sinn; og aldrei hafði ég heldur séð annan eins svita-straum renna og boga af skalla hans.

„Púff!“ sagði Castilhó; „þú ert kominn! — Vertu velkominn heim. — Ég þykist þig úr helju heimt hafa. Úff!“ (Hann lagði tvo samanbrotna vasaklúta á hvirfilinn á sér). „Það svei mér gleður mig, að sjá framan í þig! Stefanó helgi! Ég hefði ekki getað orðið glaðari, þó þú hefðir verið minn eigin frumgetinn son. Og hana nú!“ Og gamli Castilhó brá hönd sinni upp að augum sér, eins og til að þurka burtu tár.